

Ed.

86. Frumvarp til laga

[81. mál]

um breyting á lögum nr. 58 12. maí 1970, um skemmtanaskatt.

Flm.: Geir Gunnarsson, Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson,
Ragnar Arnalds.

1. gr.

5. flokkur 2. gr. laganna orðist svo:

Nú eru vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. eða 3. flokks, og skal þá greiða kr. 8.00 í skemmtanaskatt, kr. 100.00 í Byggingarsjóð aldraðs fólks og kr. 2.00 í Menningarsjóð fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu að kvöldi á þeim tíma, er ákveðinn verður í reglugerð.

Upphæðir, sem tilgreindar eru í krónutölu í þessari grein, skulu breytast árlega í réttu hlutfalli við skattvísitölu, í fyrsta sinn í ársbyrjun 1977.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frv. til laga um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks á þskj. 87. Þar er gert ráð fyrir nýrri fjáröflun til Byggingarsjóðs aldraðs fólks með þeim hætti að hækka nokkra gjaldstofna skemmtanaskatts og verja tekjuaukanum, til Byggingarsjóðsins.

Með frv. er gert ráð fyrir að greiddur sé sérstakur 100 kr. skattur fyrir hvern mann sem fær aðgang að veitinga- eða samkomuhúsi þar sem vínveitingar eru um hönd hafðar, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkv. öðrum ákvæðum laganna, og renni þetta skattgjald í Byggingarsjóðs aldraðs fólks.

Skattur þessi komi til viðbótar skatti skv. ofangreindum gjaldstofni í núgildandi lögum, 8 kr. í skemmtanaskatt og 2 kr. í Menningarsjóð.

Gera má ráð fyrir að skattgjald til Byggingarsjóðs aldraðs fólks af þessum gjaldstofni hefði á árinu 1974 numið um 65 millj. kr. Þar sem hér er um að ræða skatt sem miðast við krónutölu er lagt til, að upphæð hans breytist árlega í réttu hlutfalli við skattvísitölu.

Flm. telja að engum sé ofþyngt með því gjaldi sem hér er gert ráð fyrir, þegar haft er í huga til hvers málefnis fjármagninu verður varið.